



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

JÖFNUNARSJÓÐUR

**Skýrsla um jöfnunarsjóð alþjónustu
fyrir árið 2016**

Ágúst 2017

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur.....	3
1.1. Almennt	3
1.2. Alþjónusta.....	3
1.3. Um jöfnunarsjóð	4
1.3.1. Álagningarprósenta jöfnunargjalds	5
1.4. Markaðsávinningur og fl.....	5
2. Umsóknir um framlög úr jöfnunarsjóði vegna ársins 2016.....	6
3. Yfirlit yfir álagningu á fjarskiptafyrirtæki	7
3.1. Yfirlit yfir álagningu, breytingar, afskriftir og innheimtu á árinu 2016.....	7
3.2. Staða jöfnunarsjóðs.....	8
4. Um stöðu Jöfnunarsjóðs alþjónustu	9

1. Inngangur

1.1. Almenn

Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) er vörslu- og umsýsluaðili jöfnunarsjóðs samkvæmt 22. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, (hér eftir fjarskiptalög). Jöfnunarsjóður er aðskilinn frá fjárhag PFS og hefur sérstakt fjárlaganúmer.

Samkvæmt 6. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga skal PFS birta upplýsingar um útreikning kostnaðar vegna alþjónustukvaða, sundurliðaðan lista yfir einstakar greiðslur fyrirtækja í jöfnunarsjóð og skrifa greinargerð um þann ávinning sem stofnunin telur að fjarskiptafyrirtæki sem veita alþjónustu hafi haft af því að veita þjónustuna. PFS birtir nú í tunda sinn yfirlitsskýrslu um framlög fjarskiptafyrirtækja í jöfnunarsjóð, ásamt yfirliti yfir þær skuldbindingar sem fallið hafa á jöfnunarsjóð. Að þessu sinni tekur skýrslan til ársins 2016.

1.2. Alþjónusta

Við afnám einkaréttar á fjarskiptaþjónustu þann 1. janúar 1998, varð til nýtt hugtak í fjarskiptarétti svokölluð alþjónusta. Með alþjónustu er leitast við að jafna aðgang landsmanna að tiltekinni lágmarks fjarskiptaþjónustu óháð búsetu. Núgildandi reglur um alþjónustu eru í VI. kafla laga um fjarskipti nr. 81/2003 og í reglugerð um alþjónustu nr. 1356/2007.

PFS er heimilt að útnefna einn aðila eða fleiri til þess að bjóða alþjónustu á ákveðnum svæðum eða eftir þjónustutegundum.

Eftirfarandi þjónusta er nú skilgreind sem alþjónusta, sbr. 3. mgr. 19. gr. fjarskiptalaga, sbr. 4. gr. reglugerðar um alþjónustu:

- Almenn talsímaþjónusta
- Handvirk þjónusta (aðstoð talsímavarðar)
- Þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir
- Gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningshraða
- Aðgangur að símaskrá með öllum símanúmerum og upplýsingaþjónusta um öll símanúmer
- Almenningssímar
- Aðgangur að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala

Með ákvörðunum PFS nr. 30/2013 var það niðurstaða stofnunarinnar að ekki væri ástæða til að fella á alþjónustuskyldur í tengslum við aðgang að talsímaþjónustu, aðgang að gagnaflutningsþjónustu og reksturs almenningssíma. Í sömu ákvörðun var hins vegar viðhaldið útnefningu Mílu ehf. til að veita tengingu við almenna fjarskiptanetið til loka ársins 2013. Ákvörðun PFS nr. 40/2014 var felld úr gildi með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála í máli nr. 5/2014. Í framhaldinu var tekin ný ákvörðun nr. 4/2016 um útnefningu Mílu hf. með alþjónustukvöð. Skyldum Mílu er lýst með eftirfarandi hætti í ákvörðunarorðum:

„1. Skylda til að útvega aðgang að tengingu

Míla ehf. skal útvega og viðhalda aðgangi að tengingu lögheimila og vinnustaða við almenna fjarskiptanetið um nettengipunkt, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um alþjónustu, nr. 1356/2007, sbr. 3. mgr. 19. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. fjarskiptalaga nr. 83/2003 og bera við það kostnað innan þeirra marka sem nemur ósanngjarnri byrði að teknu tilliti til markaðsávinninga, en þó að hámarki 650.000 kr. (án vsk.) fyrir hverja heimtaug.

Ef áætlaður kostnaður er meiri en 650.000 kr. (án vsk.) skal Míla ehf. verða við beiðnum um aðgang, ef umsækjandi samþykkir að greiða þann kostnað sem er umfram 650.000 kr., auk almenns stofngjalds samkvæmt gjaldskrá alþjónustuveitandans.

2. Landfræðileg afmörkun

Útnefningin nær til landsins alls.

Mílu ehf. er heimilt að sækja um takmörkun á landfræðilegu umfangi alþjónustukvaðarinnar í þeim sveitarfélögum eða svæðum þar sem byggt hefur verið upp annað aðgangsnét í fastanetinu sem standi öllum lögheimilum og vinnustöðum til boða í viðkomandi sveitarfélagi eða svæði.

3. Útnefningartímabil

Útnefning þessi gildir frá birtingu ákvörðunar til og með 31. desember 2016. Heimilt er að framlengja útnefningartímabilið til 31. desember 2017 með tilkynningu stofnunarinnar til Mílu þar að lútandi.

4. Áskilnaður um breytingar

Póst- og fjarskiptastofnun áskilur sér rétt til að taka ákvörðunina upp á ný, ef forsendur breytast verulega, t.d. með nýrri lagasetningu og/eða breytingar á reglugerð um alþjónustu nr. 1356/2007.“

Með tilkynningu til Mílu, dags. 9. desember 2016, var útnefningartímabil Mílu framlengt til 31. desember 2017, sbr. 3. tölul. í ákvörðunarorðum.

Þá er enn í gildi ákvörðun PFS nr. 17/2009 um skyldu Neyðarlínunnar til að veita alþjónustu vegna aðgangs að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala (neyðarsvörun) á sviði talsímaþjónustu. Útnefningin gildir á meðan Neyðarlínan ohf. er með samning við innanríkisráðuneytið um rekstur vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar, sbr. 8. gr. laga um samræmda neyðarsvörun nr. 40/2008.

1.3. Um jöfnunarsjóð

Fjarskiptafyrirtæki sem á hafa verið lagðar alþjónustuskyldur geta sótt um framlag úr jöfnunarsjóði til PFS.

Til að standa straum af fjárframlagi til fjarskiptafyrirtækja er innheimt jöfnunargjald á bókfærða veltu fjarskiptafyrirtækja sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu.

Jöfnunargjald sem skattstjórar leggja á og innheimta af fjarskiptafyrirtækjum er svokallaður veltuskattur, sbr. 22. gr. fjarskiptalaga.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga kveður á um gjaldstofn jöfnunargjalds, álagningarprósentu og endurskoðunarhlutverk PFS. Ákvæðin hljóða svo:

„Skal jöfnunargjald lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem fjarskiptafyrirtæki hefur af umræddri starfsemi hér á landi.

Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal nema 0,10% af bókfærði veltu skv. 2. mgr.

Skal fjárhörf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir samgönguráðherra...“

Ofangreint ákvæði felur í sér skattlagningarheimild og skilgreinir gjaldanda, skatthlutfallið og skattstofninn. Skattstofninn er bókfærð velta, þ.e. rekstrartekjur af fjarskiptastarfsemi hér á landi.

1.3.1. Álagningarprósenta jöfnunargjalds

Á árinu 2016 var álagningarprósenta jöfnunargjalds 0,10% af bókfærðri veltu fjarskiptafyrirtækja.

Um álagningu og innheimtu, þ.m.t. fyrirframgreiðslu, jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VII.-XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa PFS skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega, sjá nánar 22. gr. fjarskiptalaga.

Gera má ráð fyrir því að PFS muni leggja til við ráðuneytið, á árinu 2017, að álagningarprósenta jöfnunargjalds verði hækkuð og að sú hækkun komi til álagningar á fjarskiptafyrirtæki á rekstrarárinu 2018. Ástæða þess er fyrst og fremst sú, að sú inneign sem verið hefur í jöfnunarsjóði hefur farið minnkandi, og nú er svo komið að hækka þarf álagningarprósentu til að jafnvægi haldist í rekstri á sjóðnum, sjá nánar kafla 4.

1.4. Markaðsávinningur og fl.

Með lögum nr. 78/2005 var 21. gr. fjarskiptalaganna breytt á þann veg að ef fjarskiptafyrirtæki telur að alþjónusta sem því er gert skylt að veita, sbr. 20. gr., sé rekin með tapi og ósanngjörn byrði á fyrirtækinu geti það sótt um til PFS að því verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. PFS skal við útreikninga á kostnaði við alþjónustu m.a. taka mið af markaðsávinningi af því að veita þjónustuna. Í 11. gr. reglugerðar nr. 1356/2007 um alþjónustu eru settar nánari leiðbeiningar varðandi útreikning á kostnaði við alþjónustu.

Í 1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar er fjallað um rétt alþjónustuveitanda til að sækja um fjárframlög ef það tap sem er á þjónustunni er ósanngjörn byrði á fyrirtækinu. Þá er í 2. mgr. kveðið á um fyrir hvaða tíma þarf að vera búíð að sækja um fjárframlög og í 3. mgr. er kveðið á um hvaða upplýsingar skulu fylgja umsókn um fjárframlag úr jöfnunarsjóði.

- greinargóð lýsing á þeirri starfsemi sem sótt er um framlag fyrir.
- nákvæmar upplýsingar um hvert rekstrartapið af starfseminni er og hvernig það sundurliðast.
- greinargerð um á hvern hátt rekstrartapið er ósanngjörn byrði á fjarskiptafyrirtækinu.
- upplýsingar um hvernig bókhaldslegum aðskilnaði er háttað hjá fyrirtækinu, sbr. 6. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga.

2. Umsóknir um framlög úr jöfnunarsjóði vegna ársins 2016.

Með ákvörðun PFS nr. 2/2016 var Neyðarlínunni ákvarðað framlag úr sjóðnum fyrir árið 2016 að upphæð 59.488.629 kr. og eru þetta einu skuldbindingarnar sem féllu á sjóðinn á árinu 2016.

Þá er einnig rétt að geta að Félag heyrnarlausra taldi að myndsímatúlkun félli undir reglur um alþjónustu samkvæmt fjarskiptalögum og ættu þess vegna að vera fjármögnuð úr jöfnunarsjóði. Með ákvörðun PFS nr. 20/2016 hafnaði stofnunin þessum sjónarmiðum félagsins.

Eins og fram kemur í kafla 1.2. hvílir skylda á Mílu ehf. að útvega tengingar við almenna fjarskiptanetið um land allt. Með erindi, dags. 14. október 2016, sótti fyrirtækið um framlag úr jöfnunarsjóði vegna þessarar skyldu. Umsóknin nær til alls 165 símsstöðva um land allt, sem eiga það sammerkt að þjóna dreifbýlinu. Samkvæmt umsókninni nemur tapið hundruðum milljónum króna sem fyrirtækið telur að eigi að greiðast úr jöfnunarsjóði. Með ákvörðun PFS nr. 8/2017 var umsókninni vísað frá. Óvíst er á þessari stundu hver framvinda málsins kann að verða.

3. Yfirlit yfir álagningu á fjarskiptafyrirtæki

Neðangreindar upplýsingar eru unnar úr gögnum frá Fjárskýlu ríkisins og sýna álagningu, breytingar, afskriftir, innheimtu og eftirstöðvar fyrir árið 2016.

3.1. Yfirlit yfir álagningu, breytingar, afskriftir og innheimtu á árinu 2016

Tafla 1

Kennitala	Nafn	Eftirst. 2015	Álagning 2016	Breytingar	Afskriftir	Innheimta	Eftirst. 2016
450314-1020	1819 - Nýr valkostur ehf.	0	113.426			(113.426)	0
480702-2390	365 miðlar hf.	0	1.668.247			(1.169.887)	498.360
590269-7199	Advania hf.	0	85.333			(85.333)	0
581208-0490	Alterna Tel ehf.	0	18.899			(18.899)	0
650612-1160	Austurljós ehf.	0	10.000			(5.000)	5.000
690197-3169	Ábótinn ehf.	0	11.198			(11.198)	0
540710-1120	Backbone ehf.	2.907	18.268			(15.921)	5.254
481188-1219	Brimrún ehf.	0	14.214			(14.214)	0
580204-3090	BT Solutions Ltd, útibú Íslandi	0	125.095			(125.095)	0
611013-0780	Caze ehf.	0	10.000				10.000
460709-0160	Datacell ehf.	0	2.778	(12)		(1.894)	872
450307-1810	Davíð og Golíat ehf.	25.709	10.000			(32.684)	3.025
620399-2219	DVD-Margmiðlun ehf.	0	26.271			(26.271)	0
690393-2989	Eignafélag Tölvunar ehf.	0	552			(552)	0
671011-0660	Emerald Networks ehf.	0	10.000				10.000
470200-2780	Equant á Íslandi ehf.	0	73.019			(73.019)	0
580902-2190	Farice ehf.	0	2.190.307			(2.190.307)	0
450712-0510	Fjarskiptafélag Skeiða og G ehf	0	6.469			(6.469)	0
470905-1740	Fjarskipti ehf.	0	9.105.124			(9.105.124)	0
570899-2289	Fjölnet hf.	0	42.005			(42.005)	0
650414-1520	Gagnaveita Helgafellssveit ehf.	0	733			(733)	0
410801-2480	Gagnaveita Hornafjarðar ehf.	0	5.238			(5.238)	0
691206-3780	Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	0	1.622.556			(1.622.556)	0
690506-1140	Gagnaveita Skagafjarðar ehf.	4.531	14.239			(18.770)	0
520911-1620	Gagnaveita Suðurlands ehf.	0	17.761			(17.761)	0
580210-0150	Gagnaveitan ehf.	0	14.741			(14.741)	0
641193-2249	Global Mission Network ehf.	0	34.259			(28.778)	5.481
560608-2090	GlobalCall ehf.	15.195	63.605			(78.800)	0
490413-2510	Halló ehf.	0	4.724			(4.724)	0
551100-3240	Hátíðni hf.	2.678	28.000			(1.873)	28.805
640309-0670	Hringdu ehf.	82.716	502.955			(585.671)	0
700395-2949	Hringiðan ehf/Vortex Inc.	0	81.332			(81.332)	0
620600-3690	IMC Ísland ehf.	29.788	113.575			(143.363)	0
660595-2449	Internet á Íslandi hf.	0	296.814			(296.814)	0
550210-0370	Isavia ohf.	0	7.538			(7.538)	0
631210-0660	K360E ehf.	0	10.000				10.000
431115-0340	Level 3 Communications Icel ehf	0	10.369			(10.369)	0
680314-1010	Líf í Mýrdal ehf.	0	2.170			(2.170)	0
550609-0290	Ljós og gagnaleiðari ehf.	0	166			(166)	0
710304-3940	Magnavík ehf.	2.929	18.752			(21.681)	0
410305-1270	Martólvan ehf.	19.390				(19.390)	0
520491-1209	Málræktarsjóður	12	10			(22)	0
460207-1690	Míla ehf.	0	5.747.711			(5.747.711)	0
451101-2930	Nepal hugbúnaður ehf.	2.804				(2.804)	0
520213-0660	Netvarpið ehf.	40.579					40.579
511095-2559	Neyðarlínan ohf.	0	574.150			(574.150)	0
531205-0810	Nova ehf.	0	5.202.534			(5.202.534)	0
530292-2079	Nýherji hf.	0	141.525			(141.525)	0
430504-2660	Opex ehf.	11.455	59.227			(54.908)	15.774
561000-3520	Orkufjarskipti hf.	0	421.346			(421.346)	0
560305-1410	Radíó ehf, íslensk fjarskipti	0	5.751			(5.751)	0
600307-0450	Ríkisútvarpið ohf.	21.312	119.539			(140.851)	0
470808-0550	Símafélagið ehf.	158.767	692.910			(851.677)	0
460207-0880	Síminn hf.	0	17.412.762			(17.412.762)	0
430197-2319	Snerpa ehf.	0	52.480			(42.453)	10.027
660809-1550	SPL ehf.	11.183	12.800			(7.604)	16.379
660702-2880	Tengir hf.	79.455	235.384			(314.839)	0
700895-2549	TRS ehf.	0	24.336			(24.336)	0
571201-2670	TSC ehf.	0	6.497			(6.497)	0
630903-2620	Tækni miðlun ehf.	1.060				(1.060)	0
601207-0870	Tölvustöð ehf.	2.989	11.667			(14.656)	0
411199-2749	Þekking - Tristan hf.	0	57.560			(57.560)	0
		515.459	47.168.921	(12)	0	(47.024.812)	659.556

3.2. Staða jöfnunarsjóðs

Í töflu 2 er yfirlit yfir álagningu, breytingu, afskriftir, innheimtu og stöðu hvers árs:

Tafla 2

Ár	Est. í ársb.	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Innheimta	Est. í árslok
Árið 2000		13.931.078			(9.818.302)	4.112.776
Árið 2001	4.112.776	14.860.992			(6.596.238)	12.377.530
Árið 2002	12.377.530	52.479.301	(5.489.029)	(66)	(40.900.639)	18.467.097
Árið 2003	18.467.097	51.436.749	(54.338.594)	(138.000)	(9.211.753)	6.215.499
Árið 2004	6.215.499	32.123.869	(12.465.059)	(690)	(25.330.489)	543.130
Árið 2005	543.130	30.906.483	(2.282.680)		(19.037.593)	10.129.340
Árið 2006	10.129.340	30.791.689	(9.715.385)		(27.661.746)	3.543.898
Árið 2007	3.543.898	24.179.956	(10.805.553)		(16.338.390)	579.911
Árið 2008	579.911	38.854.117	9.746.550		(48.466.272)	714.306
Árið 2009	714.306	259.543.168	(1.067.437)	(28.350)	(253.612.549)	5.549.138
Árið 2010	5.549.138	43.943.176	17.231.410	(3.360)	(46.584.109)	20.136.255
Árið 2011	20.136.255	39.219.961	(15.473)	(10.411)	(59.244.277)	86.055
Árið 2012	86.055	42.055.975	3.898.098	(4.440)	(45.570.932)	464.756
Árið 2013	464.756	44.427.855	(258.650)	(24.671)	(44.345.968)	263.322
Árið 2014	263.322	45.374.312	181.807	(35.363)	(45.144.628)	639.450
Árið 2015	639.450	46.534.916	3.920	(27.151)	(46.635.676)	515.459
Árið 2016	515.459	47.168.921	(12)		(47.024.812)	659.556
		857.832.518	(65.376.087)	(272.502)	(791.524.373)	

Í töflu 3 er yfirlit yfir tekjufærslur:

Tafla 3

Ár	Tekjufært	Gjaldf. afskr.	Framlag	Til ráðst.
Árið 2000.....	13.931.078		10.000.000	23.931.078
Árið 2001.....	14.860.992			14.860.992
Árið 2002.....	25.934.843	(66)		25.934.777
Árið 2003.....	18.015.584			18.015.584
Árið 2004.....	19.658.810	(690)		19.658.120
Árið 2005.....	28.623.803			28.623.803
Árið 2006.....	21.076.304			21.076.304
Árið 2007.....	13.374.403			13.374.403
Árið 2008.....	48.600.667			48.600.667
Árið 2009.....	258.475.731	(28.350)		258.447.381
Árið 2010.....	61.174.586	(3.360)		61.171.226
Árið 2011.....	39.204.488	(10.411)		39.194.077
Árið 2012.....	45.954.073	(4.440)		45.949.633
Árið 2013.....	44.169.205	(24.671)		44.144.534
Árið 2014.....	45.556.119	(35.363)		45.520.756
Árið 2015.....	46.538.836	(27.151)		46.511.685
Árið 2016.....	47.168.909			47.168.909
	792.318.431	(134.502)	10.000.000	802.183.929

Samþykkt framlög úr jöfnunarsjóði hafa verið eftirfarandi síðustu 17 árin samkvæmt gögnum PFS. Neyðarlínan hefur fengið meginhluta framlagsins vegna reksturs neyðarþjónustu en Síminn hefur einu sinni fengið framlag úr sjóðnum.

Tafla 4

Ár	Framlög
Árið 2000.....	18.618.302
Árið 2001.....	20.496.000
Árið 2002.....	20.496.000
Árið 2003.....	23.889.600
Árið 2004.....	26.735.628
Árið 2005.....	25.440.000
Árið 2006.....	25.440.000
Árið 2007.....	192.921.277
Árið 2008.....	30.100.000
Árið 2009.....	33.371.618
Árið 2010.....	38.230.601
Árið 2011.....	41.900.000
Árið 2012.....	46.313.868
Árið 2013.....	55.802.000
Árið 2014.....	55.959.000
Árið 2015.....	58.980.000
Árið 2016.....	59.488.798
	<u>774.182.692</u>

Í töflu 4 kemur fram að samþykkt framlög úr jöfnunarsjóði hafa verið 774.182.692 kr. en álagt jöfnunargjald sjóðsins að viðbættu 10.000.000 kr. framlagi ríkisins hefur á sama tímabili numið 802.183.929 kr. Álagt jöfnunargjald á þessu 17 ára tímabili sem liðið er frá því að gjaldið var tekið upp er því 28.001.237 kr. umfram framlög úr sjóðnum.

4. Um stöðu jöfnunarsjóðs alþjónustu

Eins og fram kemur hér að ofan þá er álagt jöfnunarsjóðsgjald frá því að gjaldið var tekið upp 28.001.237 kr. umfram framlög úr sjóðnum.

Samkvæmt 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga skal fjárþörf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af PFS og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir ráðherra. Verði útgjöld hærra en nemur jöfnunargjöldum á árinu skal gjaldfæra þann mismun á skuldbindingar næsta árs. Verði fjárhæð jöfnunargjalda hærra en nemur útgjöldum á gjaldárinu skal afgangur fluttur til næsta árs.

Ekki hefur þótt ástæða til að endurskoða álagningarprósentu jöfnunargjalds, en sjóðurinn hefur átt inneign um hver áramót. Útgreiðslur hafa hins vegar verið heldur hærra en inngreiðslur inn í sjóðinn á undanförunum árum og staða sjóðsins því að nálgast jafnvægi. Um leið og það gerist kann að vera ástæða til að hækka álagningarprósentu jöfnunargjalds til að forða því að staða sjóðsins yrði neikvæð.